

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
105 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík 2. maí 2019

Umsögn STEFs um frumvarp til laga um sameiginlega umsýslu höfundaréttar, 799. mál

STEF hefur á fyrri stigum við vinnslu frumvarps þeirra lýst þeirri skoðun að um sé að ræða löggjöf sem sé íþyngjandi og kostnaðarsöm fyrir íslensk rétthafasamtök sem fara með umsýslu höfundaréttar og sem undantekningarlaust teljast mjög smá á alþjóðlegan mælikvarða.

Kostur frumvarpsins er þó sá að með því regluverki sem þar er mælt fyrir um mun traust á umsýslustofnanir með höfundarétt vonandi aukast. Er því sérstaklega fagnað að frumvarpið leggur mikla áherslu á lýðræði í ákvörðunartökum og gegnsæi í störfum slíkra stofnana.

STEF hefur nú þegar gert umfangsmiklar breytingar á samþykktum sínum til að uppfylla skyldur frumvarpsins og eru þar með fyrstu íslensku samtökin til að uppfylla kröfur þeirrar tilskipunar sem frumvarpið byggir á.

STEF vill sérstaklega koma því á framfæri að málfar frumvarpsins er almennt mjög óaðgengilegt og jafnvel óskiljanlegt og ekki í samræmi við almennt orðfæri sem tíðkast á þessu sviði. Slíkt hamlar mjög skilningi þeirra sem sýsla eiga með þessi lög og getur komið í veg fyrir að löggin nái að fullu markmiði sínu.

Virðingarfyllst
F.h. STEFs



Guðrún Björk Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri